

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Drottningarbrautarreit.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 15. júní 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Drottningarbrautarreit.

Breytingin tekur til lóðanna Hafnarstrætis 80 og 84 og Austurbrúar 10-18.

Afmarkaðar eru tvær lóðir fyrir djúpgáma austan Austurbrúar 10-18 og bílastæðum samhliða fækkað úr fimm í átta. Norðurhluti Hafnarstrætis 80 verður á fjórum hæðum í stað þriggja áður, hámarksbyggingarmagn eykst um 100 m² og nýtingarhlutfall hækkar úr 2,06 í 2,24. Lóð Hafnarstrætis 84 stækkar um 49 m² til suðurs og nýtingarhlutfall lækkar úr 0,67 í 0,59.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 12. ágúst 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 26. ágúst 2022